



Varðandi: Gjaldskrá Akranesvita
Málsnúmer: 1612003
Dagsetning: 1. desember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir tillögu um gjaldskrá í Akranesvita fyrir árið 2017.

GREINARGERÐ: Í haust var ákveðið að hafa Akranesvita opinn allt árið um kring. Um er að ræða tilraunaverkefni til ársloka 2017. Akranesviti er opinn þriðjudaga til laugardaga frá kl. 11-17.00 á veturna og alla daga frá kl. 11-18.00 á sumrin. Nýlega samþykkti bæjarráð samning við Vegagerðina um afnot af Akranesvita. Árleg greiðsla er samtals kr. 750.000.

Til þess að mæta kostnaði við starfsemi í Akranesvita og leigu á vitanum er lagt til að tekið verði gjald fyrir heimsóknir í Akranesvita. Um er að ræða hóflegt aðgangsgjald, 300 krónur og verður ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára, öryrkja og ellilífeyrisþega. Jafnframt verður sérstakt gjald innheimt fyrir hópa sem panta leiðsögn hvort sem er á opnunartíma eða utan opnunartíma.

Akranesviti er eftirsóknarverður til sýninga- og tónleikahalds og er lagt til að aðgangur sé ókeypis á opunardegi sýninga en haft verður samráð við tónlistarmenn um aðgangseyri hverju sinni.

Með vísan til framanritaðs er ofangreind tillaga gerð.



Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri